

## Nefndarálit

um till. til þál. um staðfestingu sjö viðbótarsamninga við Norður-Atlantshafssamninginn um aðild Búlgaríu, Eistlands, Lettlands, Litháens, Rúmeníu, Slóvakíu og Slóveníu.

Frá meiri hluta utanríkismálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Sturlu Sigurjónsson frá utanríkisráðuneyti.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta sjö viðbótarsamninga við Norður-Atlantshafssamninginn frá 4. apríl 1949 um aðild Lýðveldisins Búlgaríu, Lýðveldisins Eistlands, Lýðveldisins Lettlands, Lýðveldisins Litháens, Rúmeníu, Lýðveldisins Slóvakíu og Lýðveldisins Slóveníu sem gerðir voru í Brussel 26. mars 2003.

Samkvæmt ákvæðum samninganna öðlast þeir fyrst gildi þegar öll aðildarríki Atlantshafsbandalagsins hafa staðfest þá og tilkynnt vörsluaðila viðbótarsamninganna um staðfestinguna. Í kjölfarið mun framkvæmdastjóri NATO bjóða ríkisstjórnnum nýju aðildarríkjana að gerast aðilar að Norður-Atlantshafssamningnum.

Eftir stækkun bandalagsins fjölga aðildarríkjunum úr 19 í 26 og hefur Atlantshafsbandalagið ávallt lagt áherslu á að stækkun þess leiði til aukins stöðugleika og öryggis í Evrópu og ýti enn frekar undir þá lýðræðisþróun sem orðið hefur í nýju aðildarríkjunum.

Meiri hlutinn leggur til að tillagan verði **samþykkt**.

Alþingi, 12. nóv. 2003.

Sólveig Pétursdóttir,  
form., frsm.

Jónína Bjartmarz.

Drífa Hjartardóttir.

Rannveig Guðmundsdóttir.

Guðlaugur Þór Þórðarson.